



Borgarráð Reykjavíkur

Reykjavík, 13. nóvember 2023

Svar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um búsetu í ósamþykktu húsnæði - MSS23100165

Þann 23. október 2023 barst Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins neðangreind fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði þann 19. október s.á. Óskað var umsagnar innan þriggja vikna.

Fyrirspurnin

„Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvað talið er að margir búi í húsnæði sem ekki er skráð sem íbúðarhúsnæði og standist því mögulega ekki öryggismat. Nýlega lést einstaklingur af sárum sínum í kjölfar bruna sem varð í atvinnuhúsnæði. Brunar í ósamþykktu húsnæði hafa færst í aukana síðustu misseri. Þessi mál hafa oft verið rædd í borgarstjórn sérstaklega eftir mannskæðan bruna á Bræðraborgarstíg.“

Svar við fyrirspurn

Síðasta kortlagning á umfangi búsetu í atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu hófst haustið 2021 og lauk í febrúar 2022. Niðurstöður voru birtar í skýrslu í apríl 2022, sjá meðfylgjandi. Eftir þá kortlagningu var áætlað að 1868 einstaklingar væru búsettir í atvinnuhúsnæði í 204 heimilisföngum á höfuðborgarsvæðinu. Af þeim voru 860 einstaklingar búsettir í Reykjavík, þ.e. 856 fullorðnir og 4 börn, í 78 heimilisföngum. Þetta voru um 0,7% íbúa Reykjavíkur.

Slökkviliðið telur ekki óvarlegt að áætla að fjölgun hafi verið í þessum hópi síðan.

Það sem af er þessu ári hefur slökkviliðið gert athugasemdir við brunavarnir í 63 heimilisföngum á höfuðborgarsvæðinu þar sem um búsetu er að ræða í iðnaðarhúsnæði, þar af eru 27 í Reykjavík.

Ýmis jákvæð teikn eru á lofti varðandi þennan málaflökk, þar sem vinna sú sem hófst í kjölfar brunans við Bræðraborgarstíg, þ.m.t. ofangreind kortlagning, hefur m.a. skilað sér í frumvarpi innviðaráðherra sem lagt verður fyrir Alþingi á næstu vikum og felur í sér auknar heimildir fyrir slökkvilið til þess að hafa eftirlit með húsnæði þar sem fólk býr við ófullnægjandi öryggi. Ramminn að þessum ákvörðunum var ávarpaður í borgarráði nýlega þegar fjárhagsáætlun SHS var kynnt.

Virðingarfyllt,

Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins
(*rafræn undirritun á næstu síðu*)

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.

Skógarhlíð 14 – 105 Reykjavík – Sími 528 3000

www.shs.is – shs@shs.is

Undirritunarsíða

f.h. Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.
Jón Viðar Matthíasson